

Olíudreifing ehf
Hólmaslóð 8 - 10
101 Reykjavík

Akureyri, 11. ágúst 2021
UST202104-275/G.S.Á.
08.06.02

Varðar þykktarmælingar og segulsviðsskönnun á geymi nr 2 (400.02.00) í olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. á Ísafirði

Umhverfisstofnun barst þann 21. apríl sl. þykktarmælingar og segulsviðsskönnun á geymi í olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. á Ísafirði. Geymirinn er nr. T1016, / nr. 2 (400.02.00) í birgðastöðinni á Ísafirði. Geymirinn er 1.500 rúmmetrar að stærð, frá árinu 1980 og er staðsettur í mengunarvarnarpó fólagsins við Mávagarð.

Þykktarmælingar framkvæmdi Gísli Arnar Guðmundsson hjá NDT ehf. þann 26. mars 2021. Notaður var Olympus 45MG hátíðniþykktarmælir (ultrasonic thickness gage), 5 MHz mælir, ser#130177407. Kvörðunarklossar mælisins eru á bilinu 3 – 18 mm. Einnig var notaður MFE MK IV Tank Floor Scanner, serial no MK4-0016-A-TFS.

Fram kemur í skýrslu NDT ehf. að geymirinn sé í ágætis ásigkomulagi að innanverðu og lítur afar vel út að utanverðu. Gólfíð er alsett grunnum pyttum ásamt 1,5-2,4mm djúpum pyttum á einstaka stöðum. Pytta klasi fannst sem var 2,4mm í 7,6mm plötu. Rafsoðið var í plötu 17. Ástand yfirborð botns og hliðar platna er að öðru leiti þokkalegt.

Meðfylgjandi er skýrsla NDT ehf. um prófanir á geyminum.

**Umhverfisstofnun samþykkir áframhaldandi notkun á geyminum.
Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.**

Virðingarfyllst,

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Halla Einarsdóttir
teymisstjóri